



Gleðilega páska

Apríl 2026

Hvatarblaðið




Fundargerðir

Sveitarstjórn
611 fundur

Sveitarstjórn
612. fundur



N Ý B J Ö R G U N A R M I ð S T Ö Ð Á B O R G



Þann 12. mars s.l. var fyrsta skóflustungan að nýrri björgunarmiðstöð tekin á lóðinni Þinggerði 1, 805 Borg í Grímsnesi í viðurvist fjölda fólks.

Viðburðurinn þótti einstaklega vel heppnaður og veðrið gat tæplega verið mikið betra þrátt fyrir smávægilegan vind.

Það þótti afar ánægjulegt að sjá það hversu margir mættu til að vera viðstaddir skóflustunguna og þykir okkur það sýna áhuga og virðingu fólks fyrir verkefninu og ekki síður mikilvægi þess að þessi bygging rísi og hýsi Hjálparsveitina Tintron og Brunavarnir Arnessýslu til framtíðar.

Eftir skóflustunguna var haldið í félagsheimilið þar sem Fjóla Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsnes og Grafningshrepps, og Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri, sögðu nokkur orð ásamt því að Jakob Guðnason, varaformaður Tintron, fór yfir starfsemi sveitarinnar.

Við viljum þakka öllum þeim sem sáu sér fært að upplifa daginn með okkur kærlega fyrir komuna.

Það skiptir okkur gríðarlega miklu máli að sjá það að samfélagið veiti starfi okkar eftirtekt og fyrir það erum við þakklát.

Framundan eru virkilega spennandi tímar en ekki síður krefjandi og því þarf að halda rétt á spöðunum til þess að verkefnið gangi upp.

Sjá myndir á næstu síðu





FJÖLMENNI Á OPNU HÚSI Í NÝJU STJÓRNSÝSLUHÚSI GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Fjöldmenni sótti opið hús í nýju stjórnsýsluhúsi Grímsnes- og Grafningshrepps á Borg fimmtudaginn 19. mars síðastliðinn, en húsið hefur nýlega verið tekið í notkun eftir að hafa hlotið fullnaðarúttekt.

Opið hús var haldið í þeim tilgangi að gefa íbúum og öðrum áhugasömum kost á að kynna sér aðstöðuna, starfsemi sveitarfélagsins og þá þjónustu sem þar verður veitt. Gestir gengu um húsið, kynntu sér vinnuaðstöðu starfsfólks og nutu leiðsagnar um báðar hæðir byggingarinnar.

Byggingin er rúmlega 670 fermetrar að stærð á tveimur hæðum. Á efri hæðinni eru skrifstofur, tvö fundarherbergi sem bera nöfnin Búrfell og Mosfell, opið vinnurými og kaffistofa, þar á meðal tvö fundarherbergi sem bera nöfnin Búrfell og Mosfell. Þá er einnig gert ráð fyrir vinnuaðstöðu fyrir samstarfsaðila á borð við UTU, SVÁ og byggðarþróunarfulltrúa uppsveita. Á neðri hæð hússins er að finna líkamsrækt, jógasal og aðstöðu fyrir sjúkrapjálfa.

Framkvæmdir við húsið gengu samkvæmt áætlun og var framkvæmdin til fyrirmyndar að sögn þeirra sem að verkefninu komu. Verktakar og samstarfsaðilar fengu sérstakar þakkir fyrir fagmennsku og gott samstarf á meðan á byggingu stóð.

Góð stemning ríkti á opna húsinu þar sem boðið var upp á veitingar samhliða leiðsögn um húsnæðið. Gestir lýstu yfir ánægju með aðstöðuna og töldu nýja byggingu mikilvægt framfaraskref fyrir sveitarfélagið.

„Við erum afar stolt af þessari glæsilegu byggingu sem mun verða mikil lyftistöng fyrir starfsemi sveitarfélagsins og alla þjónustu við samfélagið um ókomin ár,“ sagði Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps.





Vel heppnuð opnun nýrrar líkamsræktaraðstöðu í Íþróttamiðstöðinni á Borg.

Opnun nýrrar líkamsræktaraðstöðu í Íþróttamiðstöðinni á Borg fór fram 26. mars sl. við góðar undirtektir íbúa og gesta. Áætlað er að gestagangur hafi verið vel á annað hundrað manns yfir daginn, en stór hluti gesta sótti jafnframt HSK þing sem haldið var í Félagsheimilinu Borg síðar um daginn.

Við opnunina gafst gestum kostur á að skoða nýja og glæsilega aðstöðu, kynna sér fjölbreytta möguleika hennar og hitta þá sem komið hafa að uppbyggingu verkefnisins. Ljóst er að aðstaðan hefur þegar vakið mikla athygli og jákvæð viðbrögð, enda um að ræða mikilvæga viðbót við þjónustu og heilsuefningu í sveitarfélaginu.

Í ávarpi sínu við opnunina fór Ragnar Guðmundsson yfir þróun verkefnisins og lagði áherslu á að um væri að ræða afrakstur víðtæks samráðs og samvinnu. Hann rifjaði upp hvernig notendakönnun og íbúafundur árið 2021 lögðu grunninn að verkefninu og hvernig breiður hópur hagsmunaaðila kom að hugmyndavinnu og mótun aðstöðunnar.

„Þetta er ekki bara bygging – þetta er niðurstaða samtals, samvinnu og sameiginlegrar sýnar,“ sagði Ragnar í ræðu sinni og bætti við að verkefnið væri skýrt dæmi um hvað hægt er að gera þegar samfélagið vinnur saman að sameiginlegum markmiðum.

Sérstök áhersla var lögð á að hanna aðstöðu sem þjónar fjölbreyttum hópum, allt frá skólastarfi og almennri líkamsrækt til endurhæfingar og hópatíma, með framtíðarnýtingu í huga. Þá kom einnig fram að þrátt fyrir áskoranir á framkvæmdartíma hefði tekist að ljúka verkefninu með góðum árangri.

Óttar Guðlaugsson, heilsu- og tólmstundafulltrúi, segir að næstu skref séu þegar farin að taka á sig mynd:

„Við erum afar ánægð með viðbrögðin við opnuninni og það er ljóst að aðstaðan hittir vel í mark. Nafnið Íþróttamiðstöðin á Borg á svo sannarlega rétt á sér þar sem við erum þegar farin að sjá aukinn gestagang og hér er ekki lengur um að ræða hefðbundið íþróttahús heldur eins konar félagsmiðstöð fyrir alla aldurshópa þar sem fólk sækir íþróttastarfsemi, líkamsrækt og sund sér til afþreyingar. Bæta má við að samningur við sjúkrapjálfarana Þórfríði Soffíu Haraldsdóttur og Ölmú Önnu Oddsdóttur er nú í höfn og stefnt er að því að starfsemin hjá þeim fari af stað fljótlega eftir páska, sem mun styrkja þjónustuna hér á svæðinu enn frekar.“
Við lok athafnar fór jafnframt fram formleg lykilaafhending til forstöðumanns, Agnars Þórs Helgasonar, sem þar með tók við rekstri líkamsræktarinnar.

Íþróttamiðstöðin á Borg markar mikilvægt skref í áframhaldandi uppbyggingu heilsuefningar í Grímsnes- og Grafningshreppi og er ljóst að hún mun gegna lykilhlutverki í daglegu lífi íbúa á komandi árum.





SAMNINGUR UM LEIGU JARÐHITARÉTTINDA Á SNÆFOKSSTÖÐUM UNDIRRITAÐUR



Þann 26. mars sl. var undirritaður samningur um leigu jarðhitaréttinda í landi Snæfoksstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi. Undirritunin fór fram í stjórnsýsluhúsinu á Borg þar sem þau Hreinn Óskarsson, formaður Skógræktarfélags Árnesinga, og Fjóla St. Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps, undirrituðu samninginn fyrir hönd aðila.

Með samningnum er lagður grunnur að markvissri samvinnu um rannsóknir, nýtingu og uppbyggingu jarðhita á svæðinu. Samningurinn felur í sér heimild til jarðhitaleitar og rannsókna, en áhersla er lögð á að nýtingin verði sjálfbær og taki mið af vernd náttúru og landslags á svæðinu .

Snæfoksstaðir eru í eigu Skógræktarfélags Árnesinga, sem hefur um árabil sinnt uppbyggingu skógræktar og útivistarsvæða á svæðinu. Svæðið hefur þannig þegar sterka stöðu sem útivistar- og náttúruperla og felur samningurinn í sér tækifæri til að efla þá stöðu enn frekar með skynsamlegri nýtingu jarðhita.

Markmið samningsins nær þó langt út fyrir hefðbundna orkunýtingu. Áhersla er lögð á að jarðhitinn verði nýttur til uppbyggingar í nærsamfélaginu, til atvinnusköpunar og til að styðja við áframhaldandi þróun sjálfbærrar skógræktar. Með því er horft til heildrænnar þróunar þar sem orka, náttúra og samfélag vinna saman að því að skapa verðmæti fyrir komandi kynslóðir. Samningurinn hefur einnig mikilvæga þýðingu fyrir framtíð Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps. Með því að tryggja aðgengi að nýjum jarðhitaauðlindum er styrktur rekstrargrundvöllur hitaveitunnar til lengri tíma og aukið afhendingaröryggi .

Aðilar lýsa jafnframt vilja til að skoða frekari uppbyggingu á svæðinu sem áfangastað fyrir útivist og upplifun, þar sem áhersla verður lögð á ábyrga nýtingu auðlinda



TAKK FYRIR ÞITT FRAMLAG

Í HEILSUVIKU Í GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPP 16.-22. MARS



Félag 60+
Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPP

SAUNATJALD
GUSAN
OKKAR



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



OPNUN TILBOÐA Í VERKIÐ VESTURBYGGÐ SKÓGARTÚN 2026

Opnun tilboða í verkið "Vesturbyggð Skógartún 2026" fór fram þann 11. mars 2026 kl. 11:00. Verkið felur í sér gerð á nýjum götum og stígum við Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi. Um er að ræða nýjan botnlanga, Skógartún, áframhald af stofngötu og stíga í kringum hverfið Eftirfarandi tilboð bárust:

JÞ verk ehf.	176.677.360
Borgarverk ehf.	125.711.573
Gröfutækni ehf.	130.078.275
Stjörnugarðar ehf.	158.243.153
Fagurverk ehf.	158.825.225
Steinvélar ehf.	118.022.351
Magnús I. Jónsson	137.485.664
Stórverk	141.488.847
Óskatak ehf.	157.767.915
Suðurtak ehf.	119.207.468
Jarðtækni ehf.	109.294.877
Kostnaðaráætlun Eflu	116.384.695



TILBOÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM YFIRFERÐ TILBOÐA M.T.T. HÆFI BJÓÐENDA, ÚTILOKUNARÁSTÆÐNA OG RÉTTTRA ÚTREIKNINGA Í TILBOÐSSKRÁ. NIÐURSTAÐA ÚTBOÐS VERÐUR TILKYNNT ÞEGAR BÚIÐ ER AÐ YFIRFARA TILBOÐ. VERKLOK ERU 1. OKTÓBER 2026.



VINNUSKÓLI 2026

AUGLÝST ER EFTIR UNGLINGUM 13 – 16 ÁRA (2013 - 2010)
Í VINNUSKÓLA SVEITARFÉLAGSINS
FRÁ 8. JÚNÍ TIL OG MEÐ 17. JÚLÍ 2026.

**HÆGT ER AÐ SÆKJA UM RAFRÆNT Á HEIMSÍÐU
SVEITARFÉLAGSINS [HÉR](#)
Á SAMA STAÐ MÁ FINNA STARFSREGLUR VINNUSKÓLANS.**

TEKIÐ VERÐUR Á MÓTI UMSÓKNUM TIL OG MEÐ 1. MAÍ 2026

**NÁNARI UPPLÝSINGAR FÁST GEGNUM NETFANGIÐ
GOGG@GOGG.IS**





GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR AUGLÝSIR EFTIR SUMARSTARFSMANNI

Grímsnes- og Grafningshreppur auglýsir eftir sumarstarfsmanni til að sinna flokkstjórn í vinnuskóla sveitarfélagsins og öðrum tilfallandi verkefnum. Flokkstjóri hefur umsjón með unglingum á aldrinum 13-16 ára við fjölbreytt umhverfistengd verkefni. Vinnuskólinn er starfræktur frá 8. júní - 17. júlí og þarf viðkomandi starfsmaður að geta unnið að lágmarki þann tíma. Að öðru leyti er starfstímabil samningsatriði.

Helstu verkefni:

- Flokkstjórn með vinnuskóla
- Halda utan um vinnuskýrslur fyrir ungmenni í vinnuskóla
- Almenn umhirða lóða og umhverfis við opin svæði og stofnanir sveitarfélagsins
- Önnur tilfallandi verkefni í áhaldahúsi og á gámasvæði

Hæfniskröfur:

- Skipulagsfærni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Bílpróf
- Lágmarksaldur er 18 ár
- Gott vald á íslensku og ensku
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á meðferð og umhirðu verkfæra og áhalda
- Reynsla af vinnu með ungmennum er kostur

Vinnuskólinn sinnir umhirðu, viðhaldi og fleiri verkefnum, oft í tengslum við garða, íþrótt- og útivistarsvæði. Verkefni geta verið nokkuð fjölbreytt, svo sem að gróðursetja, slá og raka, hreinsa beð, grisja skóg, mála, tína rusl, sópa, þrifa, leggja grasþökur og göngustíga.

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2026.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag. Frekari fyrirspurnir og umsóknir sendist á steinar@gogg.is

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og stutt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Öllum umsóknum verður svarað.





BÓKASAFN/LIBRARY

GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPS

Opnunartímar í apríl / opening hours in April:

Þriðjud./Tuesdays

kl. 15:30-17:00

Fimmtud./Thursdays

kl. 15:30-17:00

Ath. lokað/closed þriðjud./tuesday 14. apríl og
fimmtud./thursday 16. apríl.

Kvöldopnun / evening hours:

Handverksskvöld

7. apríl kl. 19:30-21:30

Kvöldopnun

9. apríl kl. 19:30-21:30

Opið hús 60+

28. apríl kl. 19:30-21:30

Öll velkomin.

Félag 60+


Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI



**FYLGSTU MEÐ Í HÓPNUM:
FÉLAG 60+ Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI**

HEILSUBÓTARGANGA Á MIÐVIKUDÖGUM KL. 10:30


FYLGIST MEÐ DAGSKRÁ
HEILSUBÓTARGÖNGU Á FACEBOOK HÓPNUM
OKKAR



BOCCIA Á FIMMTUDÖGUM KL. 14:30
ALLIR VELKOMNIR Í BOCCIA Á FIMMTUDÖGUM, SÉR
ÆFING Í 30MIN EN SVO SAMEINAST MEÐ
SÓLHEIMAHÓPNUM



OPNUNARTÍMI BÓKASAFNSINS:
ÞRIÐJUDAGA 15:30-17:00
MIÐVIKUDAGA 15:30 -17:00



OPNUNARTÍMI
Í PRÓTTAMIÐSTÖÐVAR
MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA
KL. 09:30-21:30

LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA
KL. 10:00-18:00

Messa og aðalsafnaðarfundar Mosfellssóknar

Sunnudaginn 26. apríl kl. 14 í
Stóruborgarkirkju.

Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir þjónar
fyrir altari og prédikar. Jón Bjarnason
organisti leikur undir og leiðir
safnaðarsöng.

Sóknarnefnd Mosfellssóknar stjórnar
aðalsafnaðarfundum.

Kaffiveitingar í boði. Sóknarbörn eru
hvött til að mæta og taka þátt.



ÍSLENSKU MYNDLISTARVERÐLAUNIN ÁRIÐ 2026



Finnbugi Pétursson (f. 1959) hlaut á dögumum Íslensku myndlistarverðlaunin árið 2026 fyrir sýninguna Skjálfta í Listasafni Árnesinga.

Finnbugi nam við Myndlista- og handíðaskólann og Jan Van Eyck-akademíuna í Hollandi. Hann hefur markað sér sérstöðu með tæknilegum rýmisverkum sem gagntaka skynjun sjónar og heyrnar í tilkomumiklum einfaldleika. Á síðustu árum hefur Finnbugi opnað á tilfinningar í verkunum eins og í Skjálfta.

Hugmyndina að verkinu vann hann með tengdaföður sínum, jarðskjálftafræðingnum Ragnari Stefánssyni, sem jafnan var kallaður skjálfti. Þeir hugðust vinna með jarðfræðilega virkni Hveragerðis en áður en hugmyndin var fullunnin lést Ragnar. Til að heiðra minningu hans kom Finnbugi eldrauðu duftkeri fyrir í rýminu og vísar þannig í nærveru ástvinar.

Það er mat dómnefndar að Skjálfti kjarni leiðarstef annarra verka Finnbuga, sem hafa verið innblástur listamanna, vakið áhuga fræðimanna og sýningargesta. Sýningin hafi verið látlaus og umlukið skilningarvit áhorfenda. Innsetning í rökkvuðu rými var samsett af spegildúk á vegg, ljós úr lofti, duftker á stöpli og skjálftabylgjur. Sýningin vakti óvæntar tilfinningar, vakti hugleiðingar um kraft náttúrunnar, ódauðleika, hverfuleika og hvað tekur við þegar dauðinn knýr dyra.



OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA:

KL. 12:00 - 17:00

LOKAÐ MÁNUDAGA

Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2026

12. apríl	Leikhúsförð - Þjóðleikhúsið
22. apríl	Vorfundur
25. apríl	Ársfundur SSK
26/4 - 2/5	Heimsping kvenfélaga í Ottawa, Kanada
21. maí	Vorgleði í Mörkinni
17. júní	Fjallkonan og kaffihlaðborð
júní/júlí	Samverustund á Sólheimum
júní/júlí	Undirbúningur fyrir Grímsævintýri
ágúst	Vinna við Grímsævintýri
22. ágúst	Grímsævintýri
12. sept.	Haustfundur
3. okt.	Skíptímarkaður
29. okt.	Grimuball
22. nóv.	Jólabingó
26. nóv.	Jólafundur



Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.

Kæru sveitungar,



Nú þegar kjörtímabili sveitarstjórnar fer að ljúka langar okkur að staldra við og þakka fyrir það traust sem okkur hefur verið sýnt. Við erum afar þakklát fyrir þann stuðning sem við höfum notið og að hafa fengið tækifæri til að leiða sveitarfélagið síðustu átta ár í meirihluta.

Tíminn líður hratt þegar það er mikið að gera og læra. Að starfa í sveitarstjórn er bæði gefandi og krefjandi. Verkefni eru fjölbreytt, oft flókin og ákvarðanir snerta daglegt líf fólks. Það má líka segja að hlutirnir taki tíma, hvert mál þarf að fara sinn farveg og það er hluti af ábyrgri og vandaðri stjórnsýslu.

Á sama tíma er mikilvægt að hafa í huga að kjörnir fulltrúar eru fyrst og fremst fólk sem leggur sig fram við að vinna í þágu samfélagsins í heild. Bak við hvern kjörinn sveitarstjórnarfulltrúa er einstaklingur með sínar skoðanir, reynslu og ekki síst fjölskyldu og nærumhverfi. Í umræðu um sveitarstjórnarmál, líkt og í samfélaginu öllu, skiptir máli að við vöndum orðræðuna. Við þurfum að geta tekist á um málefni af festu og heilindum en um leið sýnt hvert öðru virðingu. Þannig byggjum við upp traust og styrkjum samfélagið okkar til lengri tíma.

Við viljum nýta þetta tækifæri til að þakka því öflugra starfsfólki sveitarfélagsins sem sinnir sínum störfum af fagmennsku og metnaði alla daga. Þau standa vörð um daglega þjónustu við íbúa og eiga stóran þátt í þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað á undanförunum árum. Einnig viljum við þakka okkar samstarfsaðilum bæði innan sveitarfélagsins, í E-listanum og ekki síður samstarfsaðilum í öðrum sveitarfélögum og byggðasamlögum. Samvinna og gott samtal er lykillinn að árangri og við búum að því að hafa sterkt bakland og gott samstarf á mörgum sviðum.

Á þessu kjörtímabili höfum við lagt áherslu á að byggja upp jákvætt samfélag þar sem hlustað er á íbúa og ákvarðanir teknar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Við höfum lagt áherslu á samtal og að skapa vettvang þar sem ólík sjónarmið geta komið fram. Við ætlum ekki að fara hér í upptalningu á einstökum verkefnum kjörtímabilsins, en vonandi má sjá árangurinn víða um sveitarfélagið í þeirri uppbyggingu og þjónustu sem hefur orðið til á undanförunum árum.

Við höfum unnið að því að styrkja grunnstoðir samfélagsins; skóla- og fræðslumál, þjónustu við eldri borgara og fatlaða, auk þess að styðja við atvinnulíf og félagasamtök. Samhliða því höfum við lagt áherslu á uppbyggingu, skipulag og framtíðarsýn svo sveitarfélagið geti haldið áfram að vaxa og dafna.

Við megum sem samfélag vera stolt af því starfi sem unnið hefur verið. Á sama tíma er mikilvægt að horfa fram á veginn og byggja áfram á þeim grunni sem lagður hefur verið.

Í hverju samfélagi eru ólík sjónarmið og það er eðlilegur hluti af lýðræðinu. Mikilvægt er að rými sé fyrir slíkar umræður og að ákvarðanir séu teknar á málefnalegum grunni með hagsmuni samfélagsins í heild í huga.

Að lokum viljum við þakka fyrir samstarfið, samtölin og það traust sem þið hafið sýnt okkur. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að halda áfram að gera gott samfélag enn betra.

Með þökk og kveðju,

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

MATSEÐILL APRÍL 2026

Fæðuhringurinn





HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæsla Uppsveita

Heilsugæsla Uppsveita er opin
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í símaviðtal
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni
þarf að liggja fyrir.



HEILSUEFLANDI
samfélag

vellíðan fyrir alla



JÞ Verk Jarðvinnuverktaki

- Tökum að okkur allt frá upphafi framkvæmda og að síðasta frágangi umhverfis hús og lóðarvinnu.
- Vegir og plön
- Húsgrunnar
- Fyllingar í púða og sökklá
- **Snjómokstur**

Ekki hika við að hafa samband ef þú hefur einhverjar
spurningar í síma 848-1123 í skilaboðum eða á
johannes@jthverk.is

GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS

VERSLUNIN VALA

PÁSKAOPNUN

Grænu könnunnar &
Verzlunarinnar Völu

skírdagur 2.apríl 11-16

föstudagurinn langi 3.apríl 11-16

laugardagur 4.apríl 11-16

páskadagur 5.apríl LOKAÐ


annar í páskum 6.apríl 11 til 16

Opnunartími í
Grænu könnunni & Völu
í apríl

ALLA DAGA 11 TIL 16

MÖTUNEYTIÐ ER OPIÐ ALLA VIRKA
DAGA 11:30 TIL 13

LOKAÐ SKÍRDAG, FÖSTUDAGINN
LANGA, ANNAN Í PÁSKUM OG
SUMARDAGINN FYRSTA



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

1930 - 2025

95
ARA



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

VILTU LEIGJA BORD HJÁ OKKUR?

Ef þú ert að vinna hjá byggðasamlögum Grímsnes- og Grafningshrepps stendur þér til boða að bóka þér vinnuaðstöðu. Hafa þarf samband við Lindu, linda@gogg.is til að geta bókað.



Wi-Fi



Fundarherbergi



24/7



Kaffiaðstaða





Búseta og ábyrgð

Í Grímsnes- og Grafningshreppi hefur íbúðabyggð blómstrað undanfarin ár og eru tækifærin víða. Hér myndar öflugt fólk samfélagið sem byggist upp af íbúum en einnig fjölmörgum öðrum fasteignaeigendum þar sem flest frístundahús á landinu eru í Grímsnes- og Grafningshreppi. Íbúar og fasteignaeigendur eiga það sameiginlegt að vilja dvelja í fallegu og rólegu sveitarfélagi í nálægð við náttúruna.

Áberandi hefur verið umræðan um svokallað búsetufrelsi og rétt fólks til að skrá lögheimili sitt í frístundahúsum. Það er mikilvægt að nálgast þá umræðu af heiðarleika og að ræða hana af ábyrgð og á réttum forsendum.

Skráning lögheimilis er bundin landslögum. Sveitarfélög hafa lagalega skyldu gagnvart íbúum með lögheimili. Samkvæmt gildandi lögum er óheimilt að skrá lögheimili í húsnæði sem ekki er skilgreint sem íbúðarhúsnæði. Fyrir vikið eru stór hópur í Grímsnes- og Grafningshreppi sem er skráður “ótilgreindur í hús”. Sú skráning er í sjálfu sér heimil samkvæmt Þjóðskrá, en hún felur í sér að búseta viðkomandi er ekki tengd ákveðnu húsnæði. Það getur haft í för með sér að réttindi og aðgengi að þjónustu verði óskýrari og í sumum tilvikum skert, og gerir jafnframt skipulag og áætlanagerð sveitarfélagsins erfiðari.

Það er á höndum ríkisins að ákveða hvort ráðast skuli í lagabreytingar þegar kemur að frístundahúsum. Þó fara sveitarfélög með skipulagsvaldið og er það ein af grundvallarstoðum þeirra. Ef hreyfa á við því valdi sveitarfélaganna væri það verulegt inngrip sem þyrfti að ræða af fullri ábyrgð.

Það er skiljanlegt að fólk sem býr raunverulega í frístundabyggð upplifi sig utan kerfis. Það greiðir fasteignaskatta af eign sinni og útsvar, á rétt á ákveðinni þjónustu, tekur þátt í samfélaginu og vill tilheyra. Sú upplifun á fullt erindi inn í umræðuna.

En lausnin er ekki eins einföld og stundum er haldið fram. Frístundasvæði eru skipulögð á öðrum forsendum en íbúðabyggð, og byggingar innan þeirra lúta öðrum kröfum samkvæmt skipulagi og byggingarreglugerð. Innviðir þar líkt og vegir, raf- og vatnsveitur, eru ekki byggðir upp með heilsársbúsetu í huga. Snjómokstur og önnur þjónusta eins og skóla- og velferðarþjónusta er ekki skipulögð út frá frístundabyggðum.

Í íbúðabyggð hefur sveitarfélagið skýra yfirsýn yfir fjölda íbúa, staðsetningu þeirra og þjónustuparfir. Í frístundabyggð er torvelt að skipuleggja þjónustu á sama hátt. Enn flóknara verður það þegar um er að ræða einstaklinga sem eru skráðir ótilgreindir í hús, þar sem ekki er hægt að taka mið af íbúðafjölda. Slíkt gerir áætlanagerð sveitarfélagsins erfiða og í sumum tilfellum nánast ómögulega. Til dæmis verður ákvarðanatataka um uppbyggingu innviða, svo sem stækkun skóla, mun flóknari þegar óvissa ríkir um íbúaþróun og raunverulegan fjölda íbúa til framtíðar.

Allir fasteignaeigendur greiða fasteignaskatta og fá þar af leiðandi grunnþjónustu og aðgang að samfélaginu. Rekin er skrifstofa sveitarfélagsins þar sem upplýsingagjöf og aðstoð er veitt. Sveitarfélagið sinnir skipulagsmálum sem gerir uppbyggingu mögulega. Einnig er haldið úti íþróttamannvirkjum og menningarstarfi eða viðburðum sem sameina alla sem hér vilja dvelja. Öryggi og almannavarnir, svo sem brunavarnir, eru stór kostnaðarliður og mikilvægur hluti af sameiginlegri þjónustu sveitarfélagsins. Grímsnes- og Grafningshreppur er þriðji stærsti greiðandi meðal aðildarsveitarfélaga Brunavarna Árnessýslu, skammt á eftir Ölfusi. Árið 2026 er áætlað að framlag sveitarfélagsins til BÁ nemi um 75 milljónum króna.

Það er mikilvægt að hafa í huga að frístundahúsaeigendur eru ekki einsleitur hópur. Að breyta forsendum í þegar uppbyggðum frístundasvæðum þar sem ekki allir fasteignaeigendur eru á sama máli, er ekki formsatriði heldur umfangsmikil skipulagsbreyting sem hefur áhrif á alla. Ekki eru allir sammála um að breyta skipulagi svæðanna eða kalla eftir aukinni þjónustu með tilheyrandi gjaldtöku og skuldbindingum.

Frístundahúshverfi eru skipulögð á jörðum landeigenda, þar sem deiliskipulag er unnið í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins og lagt fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Sveitarfélagið fer þannig með skipulagsvaldið og ber ábyrgð á endanlegri ákvörðun en stendur ekki fyrir þessu skipulagi. Byggðirnar eru skipulagðar með ákveðnar forsendur í huga sem hafa svo áhrif á það hvernig sveitarfélagið skipuleggur þjónustu og framkvæmdir.

Krafa um aukin réttindi verður að fara saman við heiðarleika og ábyrgð. Ef þjónustustig á að hækka þarf að ræða hvernig það verður fjármagnað og hvernig tryggja má jafnræði milli íbúa.


Við erum sammála um að vandinn sé raunverulegur.

En lausnirnar þurfa að vera það líka.

Við á A-listanum viljum vinna með íbúum að raunhæfum lausnum. Við teljum að lausnin felist ekki í einföldum yfirlýsingum heldur í ábyrgri uppbyggingu. Það felur í sér að auka framboð íbúðalóða, vinna skipulagsmál af fagmennsku og tryggja að innviðir haldi í við þróun. Grunnlausnin á vandanum er að auka húsnæðisframboð þar sem íbúðalóðir eru fjölbreyttar. Með stöðugu lóðaframboði í takt við eftirspurn sé reynt að tryggja að boðið sé upp á húsnæði í sveitarfélaginu við allra hæfi. Framtíð Grímsnes- og Grafningshrepps ræðst af þeim ákvörðunum sem við tökum og við viljum taka þær af ábyrgð.

Höfundur er Rebekka Lind Guðmundsdóttir

Skipar 2.sæti á A-listanum í Grímsnes- og Grafningshreppi.





SÓLHEIMAR
SJÁLFBÍERT SAMFÉLAG

SUNNA

2026

Tómatatínsludagur fjölskyldunnar

Komið með fjölskylduna og fínið vistvæna
tómata í gróðurhúsinu okkar.

Opnunartími:

Apríl

mánudaga til föstudaga
13:00 - 16:00

Mái til miðjan ágúst

mánudaga til föstudaga
13:00 - 16:00

+

Laugardaga
13.00 - 17.00

Staðsetning:

Sólheimar í Grimsnesi



Sími:

+354 855 6060





Sorphirðudagatal 2026

Grímsnes- og Grafningshreppur

GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

janúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

febrúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28

mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

apríl						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

maí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

júlí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

ágúst						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					




september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

Breytingar geta orðið á losunardögum sökum óviðráðanlegra aðstæðna. Losun fer þá fram við fyrsta mögulega tækifæri.

-  Blandaður úrgangur og Matarleifar
-  Pappi&pappír og Blandaðar plastumbúðir
-  Heyrúlluplast

Aðalfundur

Skógræktarfélags Grímsneshrepps

Verður þriðjudaginn 14. apríl kl. 20.00

í Félagsheimilinu Borg

Hvetjum áhugasama til að koma og ganga í félagið

Dagskrá: Venjubundin aðalfundarstörf

Þar á meðal kosning ritara og skoðunarmanna reikninga.

Stjórn skógræktarfélags Grímsneshrepps





Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN Borg



Vetraropnun

Mánudaga - Föstudaga 09:30 - 21:30

Laugardaga og sunnudaga 10:00 - 18:00

Páskaopnun

Gleðilega
páska

2. apríl Skírdagur: 10-18

3. apríl Föstudagurinn langi: LOKAÐ

4. apríl Venjulegur Laugardagur: 10-18

5. apríl Páskadagur: LOKAÐ

6. apríl Annar í páskum: 10-18



Nú er hægt að kaupa mismunandi áskriftaleiðir í

Íþróttamiðstöðina okkar

[Sjá hér](#)

Hvetjum alla til að prófa þessa frábæru aðstöðu.

Tökum vel á móti öllum

Hætt er að hleypa ofan í laugina

20 mínútum fyrir lokun

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 - 5530

RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS LINDA SVERRISDÓTTIR	ÁBYRGÐARMAÐUR ÞORLEIF HOFFMANN GUNNARSDÓTTIR
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á netföngin: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is	https://www.gogg.is/